

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Húsavíkur nr. 285
18. desember 1970 með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald, kr. 525.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 1 155.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

2. mgr. 11. gr. orðist þannig:

Allur kostnaður við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 650.00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 5. apríl 1976.

F. h. r.

Árni P. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306
9. október 1974 með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús, 100 m² og stærri, kr. 2 400.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 960.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 270.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 770.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m³ kr. 101 000.00.

Hús 300—2000 m³ kr. 101 000.00 fyrir hverja 300 m³ og kr. 76.00 hvern m³ þar yfir.

Hús stærri en 2000 m³ kr. 230 000.00 fyrir 2000 m³ og kr. 64.00 hvern m³ þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntak er kr. 12 000.00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld samkvæmt þessari reglugerð miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. nóv. 1975. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta gjöldunum í samræmi við þær breytingar, sem verða kunna á vísitölunni.

Heimild til hækkunar skv. 7. gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 5. apríl 1976.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 110.

REIKNINGUR

sjóðsins Gerðuminning, árið 1975.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. janúar 1975	kr. 213 614.00
2. Gjöf Þórunnar Hafstein	— 1 000.00
3. Vextir af bankainnstæðum:	
a) í Landsbankanum	kr. 10 114.00
b) í Útvegsbankanum	— 52.00
	<hr/>
	— 10 166.00
	<hr/>
	Samtals kr. 224 780.00

Gjöld:

Eign sjóðsins 1. janúar 1976	
1. a) í Landsb. viðsk.b. nr. 5740	kr. 73 329.00
b) í Útvegsb. bankab. nr. 10081	— 451.00
	<hr/>
	kr. 73 780.00
2. Verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs 1974 skv. kaupnótu	— 150 000.00
3. Hapdrættislán ríkissjóðs 1973—C	— 1 000.00
	<hr/>
	Samtals kr. 224 780.00

Reykjavík, 3. febrúar 1976.

Guðrún Markúsdóttir.

Við undirritaðar höfum lesið ársreikning sjóðsins Gerðuminning fyrir árið 1975 og ekki fundið neitt athugasvert.

Reykjavík, 5. febrúar 1976.

Vigdís Jónsdóttir. Ólöf Sigurjónsdóttir.